

**Mál nr. 497/2012****M****og****Vátryggingafélag v/heimilistryggingar vegna frítímaslyss****Meiðsl við fall úr rúmi á slysadeild 08.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2012.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á slysadeild í umrætt sinn, hún var lögð á “dýnu á bedda” til þess að taka blóðprufu, hún datt á gólfið sbr. fyrirliggjandi gögn. Hún hafði verið lögð inn vegna slappleika, taka átti blóðprufur.

M telur í síðari tíma frásögn að dýna á umræddum bedda hafi byrjað að skriða til og því hafi hún fallið á gólfið. Í tjónstilkynningu kemur fram að hún hafi verið “lögð upp á dýnu í bedda til þess að taka blóðprufu. Skilin eftir ein í herberginu, datt á gólfið og slasaðist. Lá á gólfinu í um tíu mínútur”.

Vátryggingafélagið telur ósannað að meiðsl M hafi orsakast af skyndilegum utanaðkomandi atburði og hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það hafnar rökstuðningi M sem fram kemur í málskotinu og seinni tíma framburði hennar sem ekki sé í takt við upphaflega tilkynningu sem og áverkavottorð, að álitu félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi lent í slysi í umrætt sinn er hún féll af þeim “bedda” eða rúmi sem hún hafði verið lögð í. Ósannað er að rekja megi fall M til innra ástands í líkama M eða sjúkdómsástands hennar.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 19.12. 2012

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.